

# Þrjú ljóð eftir Diddu skáldkonu

## Formáli

Didda skáldkona (Sigurlaug Didda Jónsdóttir) hefur komið víða við í listinni. Hún hefur ort ljóð, samið skáldsögur og söngtexta, leikið í kvikmyndum og stigið á stókk sem söngkona auk þess sem hún er menntuð í tösku- og veskjagerð. Fyrsta bók hennar var *Lastafans og lausar skrifur* sem kom út árið 1995 en síðan þá hefur hún sent frá sér þrjú verk; *Erta* (1997), *Gullið í höfðinu: hetjusaga* (1999) og *Hamingja* (2021). Fyrstu þrjár bækurnar eiga það sameiginlegt að vera hispurslausar og búa yfir berorðum og ógrandi lýsingum sem eru lausar við allan tepruskap en algeng yrkisefni Diddu eru annarleg hegðun, kynlíf og ofbeldi. Ljóðin þrjú sem hér birtast eru af annarri gerð en þau fjalla um persónulega reynslu skáldkonunnar. Þegar Didda var þriggja ára gömul varð hún fyrir því óláni að festa höfuðið á milli rimla í handriði. Faðir hennar, sem hafði verið á sjónum dögum saman, kom að henni og rykkti henni lausri með þeim afleiðingum að hún skekkist fyrir lífsúð. Tilveran breyttist og alla tíð síðan hefur sárauðinn búið í líkama Diddu. Í ljóðunum fjallar hún um þennan atburð sem breytti lífi hennar, alvarlegar afleiðingar hans og sambandið við föðurinn en einnig hvernig hún hefur tekist á við sársaukann. Ljóðin eru því ákveðið meðal til þess að lækna fortíðina og frelsa þá aðila sem tilheyrðu þessum atburði með fyrirgefningu og sátt.

*Guðrún Steinþórsdóttir*



Ritið  
2. töl. 25. árg. 2025 (227-234)  
Skáldskapur

© 2025 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.25.2.11  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

## Sigurlaug Didda Jónsdóttir

### 1

Sæll.

Ég hugsa orðið til þín um leið og ég vakna,  
eða réttara sagt Ísbjörninn í mér  
minnst handa þinna í holdi og beinum  
um leið og ég vakna.  
Ísbjörninn hefur lifað ósýnilegur þér á öxlum,  
hálsi og höfði;  
nagað það og klórað rest til að hanga fastur,  
síðan þú hjargaðir mér úr sjálfskapaðri þrú og efirvæntingar,  
forvitni og járnrimla.

Þú varst að koma upp tröppurnar í Ljósheimum,  
við systurnar vorum að taka á móti þér,  
ég tróð höfðinu inn á milli rimlanna á handriðinu  
og sá hægri höndina þína halda sér í það  
um leið og hún færði restina af þér ofar og ofar, nær og nær.  
Þig sem ég hlakkaði svo til að faðma að mér.  
Fallega yndislega glaða og nautsterka þig  
sem ég sá ekki sólina fyrir.  
Þú sem speglaðir augun mín.

Afhverju ég kom ekki höfðinu til baka er sjálf sagt óttanum að þakka.  
En ég man auðvitað þegar viðbeinin brotnuðu  
og vöðvar mördust og axlarbeinin færðust úr stað  
og litli puttinn brast og svo skekkist allt til á höfði mér  
og Ísbjörninn byrjaði að naga sig fastan.

Þegar ég lærði að skrifa nafnið mitt  
fannst mér tengingin við þig  
vera það fallegasta við það.  
Síðan hefur þú verið  
órjúfanleg staðreynd,  
sönnun á tilveru minni.

Á hverjum einasta degi  
hugsa ég til þín og um þig  
og harma fjarlægðina.  
Ég hata höfnun þína,  
ég elska þig.  
Og um leið og ég leita  
að ástæðunni, gallanum  
á sjálfri mér; þá hata ég  
mig á meðan svo ég sé  
partur af þér.  
Þér sem ég er svo stolt af  
að hafa í nafni mínu.

2

Það fylgir því ákveðinn  
hljóðheimur að heyra  
beinin í sér brotna.

Þetta hljóð getur fylgt  
þér eins og hæfileiki.

Þú getur alltaf sett þig  
í brotin spor annarra.

Þú veist að þú þolir meira  
en þetta ef þú hefur  
ekki misst meðvitund.

Meðvitundin meðvirka,  
mikilvæga og meðsjúka  
magnar upp  
mikilmennsku brjáláða  
minnimáttarkenndina.

Og þú bara manst  
og manst og manst.

Váhrifin vakandi  
og þú getur ekki  
talað.  
Orð öskursins  
of sönn til að  
þú getir  
brugðist við þeim.

Endurtekur þögnina  
aftur og aftur.

3

Víst þekki ég styrk þinn,  
brotnu litlu beinin  
syngja um mátt  
handa þinna  
í bugaðri öxl  
innan tognaðra  
vöðva.  
Líkami minn  
hefur síðan  
ætíð og alltaf  
fagnað mætti þínum,  
styrk og fegurð  
í sundurlausum  
sársauka  
eins og pirrandi  
viðlag  
í óþolandi  
dægurlagi.  
Lífveran ég  
getur ekki annað  
en lesið í fótspor þín,  
elt þig inn í óttann  
og verndað þig  
eins og herská lítíl systir.  
Þú og ég  
erum svo yfirmáta

ekki neitt  
og stjórnurnar þegja  
með okkur  
á meðan við reynum  
að muna ekki  
hvað gerðist.

-----

Við skulum elska  
sannleika  
og sýna lyginni  
skilning.  
Sárvatni sálarinnar  
samúðinni  
skaltu síðan úða  
reglulega  
fyrir framan þig  
og ganga  
inn í regnbogann  
sem myndast  
örugglega  
í sólargeisla  
sem bíður úti  
því sólin  
er alltaf  
að taka  
af þér mynd.

